

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. september 2016

**Mál: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um orkuskipti, 802. mál.**

Samtök atvinnulífsins taka heilshugar undir markmið tillögunar um að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Samtökin telja það nauðsynlegt til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og ná markmiðum sem sett eru með alþjóðasamningum og hrinda á í framkvæmd meðal annars með samstarfi við ESB. Meginmarkmiðin tengjast þannig langtímasýn um að draga úr umhverfisáhrifum mannsins og tryggja komandi kynslóðum þolanlega vist á jörðinni.

Samtökin telja mikilvægt að orkuskiptin sem munu eiga sér stað á næstu áratugum verði eins hagkvæm og frekast er unnt og leiði ekki til að samkeppnishæfni einstakra atvinnugreina eða samfélagsins í heild versni. Enginn vafi er á að innlend raforka mun skipta miklu máli við orkuskiptin og með því að fylgja alþjóðlegri nýsköpun og tækniþróun og styðja myndarlega við rannsóknir og þróun hér á landi, er Ísland í einstakri stöðu til að halda því forskoti sem náðst hefur við nýtingu innlendra orkugjafa.

Að þessu sögðu vilja samtökin gera athugasemdir við nokkur atriði í tillögunni:

1. Í fyrstu málsgrein tillögunnar er talað um innlenda orkugjafa, orkuöryggi og gjaldeyrissparnað. Mikilvægt er að þessi atriði ein og sér ráði ekki þróuninni heldur hagkvæmni og umhverfissjónarmið. Það er ekki endilega markmið að hér hefjist framleiðsla vöru sem nú er innflutt heldur að varan sé samkeppnishæf og uppfylli gæðakröfur. Það getur varla verið markmið með tillögunni að spara gjaldeyri til að framleiða vöru sem er dýrari en erlendis frá og ekki af sömu gæðum. Það mun einungis bitna á neytendum og atvinnulífinu og reynast ósjálfbært til lengri tíma. Sama marki er brennt markmið með orkuöryggi en nú er nánast öll raforka og húshitun frá innlendum orkugjöfum og það er óvíst hvort nokkrar þjóðir búi við jafnmikið orkuöryggi og Íslendingar.

Þessi atriði koma fram aftur og aftur í tillögunni ásamt markmiðum um fjölgun starfa. Því er lagt til að það orðalag í tillögunni verði endurskoðað með hliðsjón af þessum atriðum.

2. Í markmiðum (1.) er sagt að stefna skuli að því að Ísland verði framarlega í notkun endurnýjanlegra orkugjafa. Er ekki staðreyndin sú að þetta markmið hafi þegar náðst og að Ísland sé einna fremst allra?

3. Í aðgerðaáætluninni er (A.1.) talað um að gjaldtaka í samgöngum tryggi ríkissjóði nægar tekjur til að standa undir uppbyggingu og viðhaldi samgöngumannvirkja. Bent er á að nú rennur aðeins hluti skatta og gjalda af ökutækjum og eldsneyti til samgönguinnviða.
4. Með tillögu (A.5.) um skattaflátt vegna bifreiðahlunninda vistvænna bifreiða er einstaklingum sem nýta bifreiðarnar í eigu atvinnurekenda færður skattaafsláttur ef keyptir eru vistvænir bílar. Sú spurning vaknar hvort þeir einstaklingar sem eru með aksturssamninga við vinnuveitenda sinn eigi ekki einnig að njóta slíks afsláttar kaupi þeir vistvænan bíl í stað þess að þetta nái einungis til svokallaðra forstjórabíla.

Samtökin telja mikilvægt að samkeppnishæfni atvinnulífsins verði höfð að leiðarljósi og að í öllum meginatriðum verði fylgt þróun í nágrannalöndunum. Íslendingar hafa forystu í notkun endurnýjanlegra orkugjafa og engin ástæða til að ætla annað en svo verði áfram.

Mikill stuðningur almennings og atvinnulífs ríkir við notkun endurnýjanlegra orkugjafa og þá þróun sem fyrirsjáanleg er. Mikilvægt er að ríkið styðji við þróunina og markaðslausnir með almennum aðgerðum en hafi ekki afskipti sem leitt geta til óhagkvæmni og verri afkomu fólks og fyrirtækja.

Virðingarfyllst,



Pétur Reimarsson,  
forstöðumaður.